

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir,
lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um meðferð elds og varnir gegn
gróðureldum (stjórnvaldssektir o.fl.).

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju að lokinni 2. umræðu.

Nefndin var upplýst um að sú breyting sem frumvarpið gerir ráð fyrir að álagðar dagsektir renni til hlutaðeigandi sveitarfélaga í stað rekstraraðila heilbrigðiseftirlits gæti reynst erfið í framkvæmd. Ástæðan er sú að flestar heilbrigðisnefndir eru reknar í samstarfi margra sveitarfélaga og því gæti hið nýja fyrirkomulag aukið á flækjustig.

Nefndin fellst á þau sjónarmið og tekur fram að frumvarpið hefur ekki að geyma sérstakan rökstuðning fyrir breyttu fyrirkomulagi. Það er því ekki ljóst hvers vegna þörf er á breytingunni og mat á því hvaða áhrif það gæti haft í för með sér fyrir heilbrigðisnefndirnar liggur ekki fyrir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 16. gr.

- a. Í stað orðanna „hlutaðeigandi sveitarstjórna“ í 5. málsli. e-liðar komi: rekstraraðila heilbrigðiseftirlits.
- b. 6. málsli. e-liðar falli brott.

Karl Gauti Hjaltason og Bergþór Ólason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Rósa Björk Brynjólfsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en skrifar undir álit þetta samkvæmt heimild í 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fyrir fastanefndir Alþingis.

Alþingi, 6. júní 2019.

Ari Trausti Guðmundsson,
1. varaform., frsm.

Hanna Katrín Friðriksson.

Helga Vala Helgadóttir.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir.

Sigríður Á. Andersen.

Vilhjálmur Árnason.